



Borgarráð

Tillaga vegna erindis Ljósleiðarans ehf. um heimild til hækkunar hlutfjár félagsins

Lagt er til að samþykkt verði heimild til hækkunar hlutfjár Ljósleiðarans ehf. um allt að kr. 3.250.000.000,- að nafnverði (*þrímílljarðar-tvö hundruð og fimmtíu milljónir króna*), þ.e. 33,33% af heildarhlutfé félagsins, eða þannig að eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur í félaginu verði aldrei minni en 66,67% af heildarhlutfé Ljósleiðarans ehf. Fjárhæðin byggir á sviðsmynd A hybrid og tekur mið af ítarlegu áhættumati sem lagt var fyrir rýnihóp borgarráðs. Jafnframt er lagt til að samþykkt verði að val á aðferðarfræði og umbúnaði við útgáfu nýs hlutfjár verði undirbúin á ábyrgð Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnar hennar og verði borgarráði kynnt áformin. Stjórn Ljósleiðarans ehf. verði veitt heimild til að ákvarða útboðsgengi og greiðslukjör hinna nýju hluta og í hvaða áföngum heimildin verði nýtt. Samþykkt þessi er bundin því skilyrði að andvirði nýs hlutfjár í Ljósleiðaranum ehf. verði nýtt til að greiða niður skuldir Ljósleiðarans ehf. og styrkja stöðu félagsins á samkeppnismarkaði. Jafnframt skal Ljósleiðarinn ehf. leggja nýtt mat á og forgangsraða fjárfestingaráformum út frá greiningu á kostnaði þeirra, ábata og áhættu. Þá er lagt til að samþykkt verði að heimild þessi til hlutfjárhækkunar falli niður 31. desember 2024 að því marki sem hún er þá enn ónýtt.

Greinargerð:

Á hluthafafundi Ljósleiðarans ehf. 24. október 2022 var samþykkt tillaga stjórnar félagsins um heimild til hækkunar hlutfjár Ljósleiðarans ehf. með fyrirvara um staðfestingu eigenda Orkuveitu Reykjavíkur. Sama dag barst Reykjavíkurborg erindi Ljósleiðarans ehf. sem er svohljóðandi:

„Hér með er óskað staðfestingar eigenda OR á svohljóðandi samþykkt hluthafafundar Ljósleiðarans: Hluthafafundur samþykkir að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 4.333.333.333,- að nafnverði (fjórímílljarðar-þrjú hundruð þrjátíu og þrjá milljónir-þrjú hundruð-þrjátíu og þrjú þúsund-þrjú hundruð þrjátíu og þrjár krónur), þannig að eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur í félaginu verði ekki minni en 60%.

Stjórn skal ákvarða útboðsgengi og greiðslukjör hinna nýju hluta og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Núverandi eigandi 100% hlutfjár Ljósleiðarans, Orkuveita Reykjavíkur, fellur frá forkaupsrétti sínum.

Samþykkt þessi er gerð með fyrirvara um staðfestingu eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. gr. 4.3 í samþykktum Ljósleiðarans ehf. og gr. 8.4 í sameignarsamningi eigenda OR.

Hlutirnir skulu einungis boðnir til kaups langtímafjárfestum sem hafa almannahagsmuni að leiðarljósi, s.s. lífeyrissjóðum, tryggingasjóðum tryggingafélaga og rekstrarfélögum verðbréfasjóða sem annast eignastýringu og umsýslu fyrir fyrrgreinda aðila. Stefnit skal að útgáfu nýrra hluta verði lokið fyrir lok fyrsta ársfjórðungs 2023.

Hlutirnir skulu tilheyra sama hlutflokki og annað hlutfé í félaginu. Um hömlur á viðskipti með hina nýju hluti og skyldu til innlausnar gilda samþykktir félagsins og gildandi lög. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Stjórn Ljósleiðarans getur sett nánari reglur um útgáfu



hlutanna. Heimild þessi til hlutafjárhækkunar fellur niður 31.12.2023 að því marki sem hún er þá enn ónýtt.“

Erindinu fylgdi greinargerð.

Borgarráð tók erindi Ljósleiðarans ehf. fyrir á fundi sínum hinn 27. október 2022 og ákvað að skipa sérstakan rýnihóp borgarráðs sem yrði falið að gera umsögn til borgarráðs um tillögu stjórnar Ljósleiðarans ehf. um hlutafjárukningu. Fjármála- og áhættustýringarsviði og borgarlögmanni var falið að vinna með rýnihópnum, en þeim var jafnframt falið að vinna umsögn um málið fyrir borgarráð.

Þá var fjármála- og áhættustýringarsviði falið að gera eigið áhættumat fyrir Reykjavíkurborg til að uppfylla rannsóknarskyldu sveitarfélagsins á hagsmunum þess í málinu sem liður í undirbúningi fyrir töku ákvörðunar í því. Umrætt áhættumat er að finna í tilvitnaðri umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs og embættis borgarlögmanns, ásamt viðaukum.

Í umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs og embættis borgarlögmanns er ásamt viðaukum við hana farið yfir þau álitamál sem lúta að því að meginreglunni um forsvaranlega meðferð opinberra fjármuna við þá ráðstöfun sem hér er til umfjöllunar. Í tilvitnaðri umsögn og viðaukum við hana er farið annars vegar þau atriði sem lúta að áhrifum og eftirliti eigenda OR og hins vegar að rannsóknarskyldu á hagsmunum eigenda Orkuveitu Reykjavíkur. Þá er í umsögninni og viðaukum við hana farið yfir hagsmuni eigenda Orkuveitu Reykjavíkur og áhættur (sviðsmyndagreining).

Nýjar aðstæður á markaði eftir sölu Símans hf. á Mílu hf. útheimtu viðbrögð af hálfu Ljósleiðarans ehf. og endurnýjun á samningum við stærstu viðskiptavini fyrirtækisins. Eftir ítarlega greiningu á vettvangi rýnihóps borgarráðs er ljóst að viðbrögð stjórnenda Ljósleiðarans ehf. voru í þágu hagsmuna félagsins. Engu að síður hefði verið eðlilegt að efna til umfjöllunar um þau á vettvangi eigenda, ekki síst þar sem ljóst er að þessar ákvarðanir þarfnast fjárframlaga til að styrkja grunnrekstur og fjárfestingar Ljósleiðarans ehf. Niðurstaða sviðsmyndagreiningar er að aukið hlutafé félagsins er æskilegt og allt að því óhjákvæmilegt við núverandi aðstæður. Það er í góðu samræmi við langtímamarkmið Reykjavíkurborgar að baki fjármögnun og rekstri Ljósleiðarans ehf. Þar sem lagaleg áhætta hamlar því að Orkuveita Reykjavíkur geti ein staðið fjárhagslega að baki hækkun hlutafjár þarf að sækja aukið hlutafé á almennan markað.

Í ljósi framangreinds er lagt til að samþykkt verði að Orkuveita Reykjavíkur, sem eigandi Ljósleiðarans ehf., fái heimild til að hækka hlutafé Ljósleiðarans ehf. um allt að kr. 3.250.000.000,- að nafnverði (*þrímílljarðar-tvöhundruðogfimmtíumílljónirkróna*), þ.e. 33% af heildarhlutafé félagsins, eða þannig að eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur í félaginu verði aldrei minni en 67% af heildarhlutafé Ljósleiðarans ehf. . Fjárhæðin byggir á sviðsmynd A hybrid og tekur mið af ítarlegu áhættumati fyrir rýnihópinn. Framangreint samþykki Reykjavíkurborgar verði bundið því skilyrði að tryggt verði að andvirði nýs hlutafjár í Ljósleiðaranum ehf. verði nýtt til að greiða niður skuldir félagsins og styrkja stöðu þess á samkeppnismarkaði. Þá er lagt til að samþykkt verði að heimild þessi til hlutafjárhækkunar verði tímabundin, eða til 31. desember 2024. Jafnframt er lagt til að samþykkt verði að stjórn Ljósleiðarans ehf. verði veitt heimild til að ákvarða útboðsgengi og greiðslukjör hinna nýju hluta og í hvaða áföngum heimildin verði nýtt. Áform um val á aðferðafræði og umbúnaði við útgáfu nýs hlutafjár verði kynnt borgarráði þegar þau liggja fyrir. Með því er átt við að Orkuveita Reykjavíkur ákveði hvort hún falli frá forkaupsrétti sínum og beri ábyrgð á vali á aðferðafræði, þ. á m. hvaða aðilum skuli standa til boða að kaupa hluti í félaginu og á grundvelli hvaða ferlis, hlutaflokk hinna nýju hluta, hömlur á viðskiptum með hina nýju hluti og skyldu til innlausnar.



Reykjavíkurborg

Í tengslum við fyrirhugaða hækkun á hlutfé Ljósleiðarans ehf. telur Reykjavíkurborg rétt að Ljósleiðarinn ehf. leggi nýtt mat á og forgangsraði fjárfestingaráformum félagsins út frá greiningu á kostnaði þeirra, ábata og áhættu.


Orkuveita Reykjavíkur verður því áfram eigandi meirihluta hlutfjár í Ljósleiðaranum ehf. Tilvitnuð fjárhæð byggist á sviðsmynd A hybrid og tekur þannig mið af ítarlegu áhættumati fjármála- og áhættustýringarsviðs sem var unnið fyrir rýnihóp borgarráðs og er að finna í fyrrnefndri umsögn sviðsins og embættis borgarlögmanns. Umrætt áhættumat bendir til þess að þessi hækkun hlutfjár nægi til að Ljósleiðarinn ehf. nái markmiðum sínum. Leiði ytri aðstæður eða aðrir atburðir til þess að óska þurfi frekari hækkunar á hlutfé félagsins að nýju telur Reykjavíkurborg rétt að þá komi fyrst til skoðunar að Orkuveita Reykjavíkur, sem stærsti eigandi Ljósleiðarans ehf., leggi til fjármagn.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi Ljósleiðarans ehf. um hlutfjárukningu Ljósleiðans ehf., dags. 24.10.2022.

Umsögn rýnihóps borgarráðs, dags. 11. apríl 2023.



LJÓSLEIÐARINN

Reykjavík, 24.10.2022

Til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

Borgarstjóra Reykjavíkurborgar
Bæjarstjóra Akraneskaupstaðar
Sveitarstjóra Borgarbyggðar


Efni: Hlutfjárukning Ljósleiðarans ehf.

Á hluthafafundi Ljósleiðarans ehf. 24. október 2022 var samþykkt tillaga stjórnar Ljósleiðarans um hlutfjárukningu. Samþykktin var, af hálfu stjórnar Ljósleiðarans og hluthafafundar, gerð með fyrirvara um staðfestingu eigenda OR, sbr. gr. 4.3 í samþykktum Ljósleiðarans ehf. og gr. 8.4 í sameignarsamningi eigenda OR. Stjórn OR er jafnframt upplýst um erindi þetta, sbr. áður nefnda grein sameignarsamnings.

Hér með er óskað staðfestingar eigenda OR á svohljóðandi samþykkt hluthafafundar Ljósleiðarans:

Hluthafafundur samþykkir að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 4.333.333.333,- að nafnverði (fjórirmilljarðar-þrjúhundruðþrjátíuogþrjarmilljónir-þrjúhundruð-þrjátíu-ogþrjúþúsund-þrjúhundruðþrjátíuogþrjárkrónur), þannig að eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur í félaginu verði ekki minni en 60%. Stjórn skal ákvarða útboðsgengi og greiðslukjör hinna nýju hluta og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Núverandi eigandi 100% hlutfjár Ljósleiðarans, Orkuveita Reykjavíkur, fellur frá forkaupsrétti sínum. Samþykkt þessi er gerð með fyrirvara um staðfestingu eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. gr. 4.3 í samþykktum Ljósleiðarans ehf. og gr. 8.4 í sameignarsamningi eigenda OR. Hlutirnir skulu einungis boðnir til kaups langtímafjárfestum sem hafa almannahagsmuni að leiðarljósi, s.s. lífeyrissjóðum, tryggingasjóðum tryggingafélaga og rekstrarfélögum verðbréfasjóða sem annast eignastýringu og umsýslu fyrir fyrrgreinda aðila. Stefnt skal að útgáfu nýrra hluta verði lokið fyrir lok fyrsta ársfjórðungs 2023. Hlutirnir skulu tilheyra sama hlutflokki og annað hlutfé í félaginu. Um hömlur á viðskipti með hina nýju hluti og skyldu til innlausnar gilda samþykktir félagsins og gildandi lög. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Stjórn Ljósleiðarans getur sett nánari reglur um útgáfu hlutanna. Heimild þessi til hlutfjárhækkunar fellur niður 31.12.2024 að því marki sem hún er þá enn ónýtt.

Málefni Ljósleiðarans og þessi áform hafa verið kynnt stjórn OR meðal annars á fundum í febrúar 2020, nóvember 2021 og í júní, ágúst og september 2022. Hlutfjárukningin er á meðal forsendna fjárhagsspár Orkuveitu Reykjavíkur 2023-2027, sem nú er til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg sem hluti fjárhagsáætlunar samstæðu Reykjavíkurborgar.



LJÓSLEIÐARINN

Fyrir liggur *Áhættumat á Ljósleiðaranum fyrir eigendur OR*, sem unnið var af stjórnendum Ljósleiðarans og fjármálasviði OR og yfirfarið af stjórn Ljósleiðarans og forstjóra OR, sem handhafa hlutafjár. Einnig liggur fyrir kynning á áformunum. Trúnaður er um gögnin enda í þeim ýmsar viðkvæmar viðskiptaupplýsingar á samkeppnismarkaði sem sanngjarnt er og eðlilegt að trúnaður ríki um til verndar viðskiptahagsmunum Ljósleiðarans.

Kjósi eigendur að leggja þessi gögn fyrir sveitarstjórnarfólk eða aðra í stjórnsýslu sveitarfélaganna er þess óskað að það verði í gert með sama hætti og Reykjavíkurborg viðhafði með sérstöku gagnaherbergi um samsvarandi gögn Carbfix í nýafstöðnu staðfestingarferli eigenda. Ritari stjórnar Ljósleiðarans mun hafa milligöngu um afhendingu þessara gagna og annarra sem eigendur OR kunna að óska.

Virðingarfyllst,

Erling Freyr Guðmundsson
framkvæmdastjóri
Ljósleiðarans

Birna Bragadóttir
formaður stjórnar
Ljósleiðarans

Íris Lind Sæmundsdóttir
ritari stjórnar Ljósleiðarans

Einnig sent:
Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur
Stjórn Ljósleiðarans



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Rýnihópur borgarráðs um erindi Ljósleiðarans ehf.

Efni: Umsögn og tillögur rýnihóps um erindi Ljósleiðarans ehf. um hlutfjárukningu

Fyrir liggur erindi Ljósleiðarans ehf., dags. 24. október 2022, um að eigendur staðfesti samþykkt stjórnar og hluthafafundar félagsins um að hækka hlutfé félagsins. Erindi Ljósleiðarans ehf. er svohljóðandi:

„Hér með er óskað staðfestingar eigenda OR á svohljóðandi samþykkt hluthafafundar Ljósleiðarans: Hluthafafundur samþykkir að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 4.333.333.333,- að nafnverði (fjórirmilljarðar-þrjúhundruðþrjátíu-ogþrjámilljónir-þrjúhundruð-þrjátíuogþrjúþúsund-þrjúhundruðþrjátíuogþrjárkrónur), þannig að eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur í félaginu verði ekki minni en 60%.

Stjórn skal ákvarða útboðsgengi og greiðslukjör hinna nýju hluta og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Núverandi eigandi 100% hlutfjár Ljósleiðarans, Orkuveita Reykjavíkur, fellur frá forkaupsrétti sínum.

Samþykkt þessi er gerð með fyrirvara um staðfestingu eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. gr. 4.3 í samþykktum Ljósleiðarans ehf. og gr. 8.4 í sameignarsamningi eigenda OR.

Hlutirnir skulu einungis boðnir til kaups langtímafjárfestum sem hafa almannahagsmuni að leiðarljósi, s.s. lífeyrissjóðum, tryggingasjóðum tryggingafélaga og rekstrarfélögum verðbréfasjóða sem annast eignastýringu og umsýslu fyrir fyrrgreinda aðila. Stefnt skal að útgáfu nýrra hluta verði lokið fyrir lok fyrsta ársfjórðungs 2023.

Hlutirnir skulu tilheyra sama hlutflokk og annað hlutfé í félaginu. Um hömlur á viðskipti með hina nýju hluti og skyldu til innlausnar gilda samþykktir félagsins og gildandi lög. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Stjórn Ljósleiðarans getur sett nánari reglur um útgáfu hlutanna. Heimild þessi til hlutfjárhækkunar fellur niður 31. 12.2023 að því marki sem hún er þá enn ónýtt.“

Erindinu fylgdi greinargerð.

Borgarráð tók erindi Ljósleiðarans ehf. fyrir á fundi sínum hinn 27. október 2022 og ákvað að skipa sérstakan rýnihóp borgarráðs sem yrði falið að gera umsögn til borgarráðs um tillögu stjórnar Ljósleiðarans ehf. um hlutfjárukningu. Fjármála- og áhættustýringarsviði og borgarlögmanni var falið að vinna með rýnihópnum, en þeim var jafnframt falið að vinna umsögn um málið fyrir borgarráð.

Um Ljósleiðarinn ehf.

Orkuveita Reykjavíkur (OR) hóf á árinu 1999 uppbyggingu á grunnneti ljósleiðarainniða á höfuðborgarsvæðinu. Ljósleiðarainniðir OR voru færðir í sérstakt félag, Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR), árið 2007, en á árinu 2021 var nafni félagsins breytt með formlegum hætti í Ljósleiðarann ehf. Félagið hefur á síðustu tuttugu árum verið í forystu um uppbyggingu ljósleiðarainniða á höfuðborgarsvæðinu. Leiðarljós Reykjavíkurborgar varðandi málefni Ljósleiðarans ehf. hefur verið að tryggja aðgengi að opnum og fullkomnum innviðum fyrir



gagnaflutninga fyrir heimili og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Það að tryggja samkeppni á sviði gagnaflutninga til framtíðar er áfram leiðarljós núverandi meirihluta borgarstjórnar.

Um vinnu rýnihóps borgarráðs

Rýnihópurinn var í upphafi skipaður fulltrúum í borgarráði, þ.e. allra flokka í borgarstjórn, og var bæjarstjórur Akraneskaupsstaðar og Borgarbyggðar boðið að sitja fundi rýnishópsins. Í upphafi þessa árs ákvað fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í rýnihópnum að hætta þátttöku í hópnum og var af hálfu flokksins ekki skipaður annar fulltrúi í hans stað.

Rýnihópurinn fundaði alls níu sinnum eða sem hér segir:

1. fundur – 2. desember 2022
2. fundur – 8. desember 2022
3. fundur – 14. desember 2022
4. fundur – 12. janúar 2023
5. fundur – 2. febrúar 2023
6. fundur – 16. febrúar 2023
7. fundur – 16. mars 2023
8. fundur – 30. mars 2023
9. fundur – 11. apríl 2023

Á fyrsta fundi rýnihópsins kynntu fulltrúar Ljósleiðarans ehf. og Orkuveitu Reykjavíkur **Áhættumat á Ljósleiðaranum** dags. í september 2022 sem unnið var **fyrir eigendur OR** vegna erindis um hlutfjárukningu í félaginu. Áhættumatið var unnið af stjórnendum Ljósleiðarans ehf. og fjármálasviði OR og yfirfarið af stjórn Ljósleiðarans ehf. og forstjóra OR, sem handhafa hlutfjár OR í Ljósleiðaranum ehf. Í áhættumatinu er farið yfir áætlanir Ljósleiðarans ehf. með hliðsjón af því að erindið verði afgreitt með jákvæðum hætti af hálfu eigenda, þróun félagsins frá stofnun og markaðslega stöðu þess. Þá er farið yfir þróun og uppbyggingu fjarskiptamarkaðarins á Íslandi og þau áhrif sem kaup franska sjóðastýringarfyrirtækisins Ardian á Mílu hf. hafa og geta haft til framtíðar lítið á fjarskiptamarkaði. Jafnframt er í áhættumatinu farið yfir óvissupætti sem koma til álita við umbeðna hlutfjárukningu í Ljósleiðaranum ehf. og viðskiptaáætlun félagsins kynnt í tengslum við þróun fjarskiptamarkaðar og samkeppni ásamt fjármögnun og fjármögnunarþörf.

Í áhættumatinu kemur fram að vendingar í samkeppnisumhverfi Ljósleiðarans ehf. á síðustu misserum með breyttu eignarhaldi á Símanum hf. og sölu á Mílu hf. til Ardian hafi skerpt á áherslum Ljósleiðarans ehf. og leitt til skýrari stefnumörkunar um uppbyggingu félagsins og stöðu þess á heildsölumarkaði fjarskipta. Ljósleiðarinn ehf. hefur á síðustu misserum brugðist við markaðsaðstæðum með markvissum hætti, m.a. með samningi við utanríkisráðuneytið um leigu á tveimur þráðum í eigu Atlantshafsbandalagsins hringinn í kringum landið (NATO-strengur) og undirritun á samningum við Sýn hf. um þjónustu og kaup á stofnneti. Auk þess sem gerðir hafa verið fleiri samningar á undanförunum misserum sem að sögn stjórnar og stjórnenda Ljósleiðarans ehf. eru til þess fallnir að styrkja stöðu félagsins á markaði.

Helstu kostir og sviðsmyndir

Í áhættumati Ljósleiðarans ehf. er lagt mat á framtíðarvirði félagsins miðað við fjórar mismunandi sviðsmyndir A, B, C og D. eru þær unnar með hliðsjón af mismunandi aðgerðum í rekstri, fjármögnun og vexti félagsins.



Sviðsmynd A felur í sér að hlutafjárúkning verði allt að 15 milljarðar króna og unnt verði að endurskipuleggja fjármagnsskipan félagsins og greiða niður skuldir. Sviðsmyndin felur í sér áframhaldandi uppbyggingu félagsins og byggir undir sterka stöðu félagsins á markaði.

Sviðsmynd B felur í sér að hlutafjárúkning verði allt að 10 milljarðar króna, sem felur í sér minni möguleika á því að endurskipuleggja fjármagnsskipan félagsins og greiða niður skuldir. Sviðsmyndin felur í sér hægari uppbyggingu miðað við sviðsmynd A.

Sviðsmynd C gerir ekki ráð fyrir hlutafjárúkningu en að frekari uppbygging verði fjármögnuð með lántökum. Sviðsmyndin dregur fram skerðingu í fjárfestingum en þó er gert ráð fyrir tækifærum í þá veru síðar.

Sviðsmynd D gerir ekki ráð fyrir hlutafjárúkningu eða frekari uppbyggingu félagsins að svo stöddu.

Í sviðsmyndum A, B og C er tekin afstaða til þess hvaða áhrif samningur Ljósleiðarans ehf. við Sýn hf. hefur á framtíðarrekstur fyrirtækisins.

Niðurstaða áhættumats Ljósleiðarans ehf. er að með hlutafjárúkningu sé virði félagsins mest í sviðsmynd A.

Um umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs og borgarlögmans

Fjármála- og áhættustýringarsviði var ásamt borgarlögmanni falið að rýna fyrirbyggjandi tillögu og veita umsögn um hana. Drög að umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs og borgarlögmans voru kynnt á fundi rýnihópsins hinn 8. desember 2022 og lokadrög hennar lögð fram á vefsvæði rýnihópsins hinn 22. desember 2022.

Ljósleiðarinn er einkahlutafélag (ehf.) í samkeppnisrekstri og er félagið að öllu leyti í eigu opinberra aðila, þó þannig að afskipti Reykjavíkurborgar eða annarra eigendasveitarfélaga af daglegum rekstri félagsins eru engin. Umsögnin er unnin með hliðsjón af þeim meginreglum sem handhöfum opinbers valds ber að fylgja, m.a. um samskipti og upplýsingaskyldu við borgarana og meginreglum um hvernig opinberum verðmætum er ráðstafað. Erindið var rýnt með hliðsjón af lögum nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur, eigandastefnu Reykjavíkurborgar og eigendastefnu og sameignarsamningi OR. Jafnframt var erindið rýnt með hliðsjón af álitum umboðsmanns Alþingis frá 12. apríl 2021 í máli nr. 5117/2007, þar sem fjallað er um meðferð eigendavalds og eftirlit sveitarfélaga með félögum í eigu þeirra, einkum eignum og starfsemi sem þau hafa komið fyrir hjá einkaréttarlegum félögum. Þá kom til skoðunar í tengslum við erindið löggjöf um fjarskiptafyrirtæki og ríkisaðstoð.

Í umsögninni er farið með ítarlegum hætti yfir forsögu Ljósleiðarans ehf. og stöðu félagsins á fjarskiptamarkaði. Þá er fjárfestingatillögum lýst og hugsanlegum leiðum til fjármögnunar. Í umsögninni er farið yfir heimild eigenda til rekstrar OR og dótturfélaga, um áhrif og eftirlit eigenda OR, kröfu um gagnsæi og fullt aðgengi að upplýsingum. Fram kemur að „[á]kvörðun um að bjóða ytri aðilum til sölu hlut í félagi í eigu sveitarfélaga verður að byggjast á traustum grunni þannig að hægt sé að áætla hagkvæmni og/eða áhættu þess af ráðstöfuninni. Gerð er krafa um að framtíðarmarkaðsvirði þeirra eigna og hagsmuna sem um ræðir sé rannsakað.“

Í því skyni að sannreyna framlagðar áætlanir Ljósleiðarans ehf. hefur fjármála- og áhættustýringarsvið framkvæmt sjálfstætt áhættumat á sviðsmyndum félagsins. Í lokadrögum umsagnar, dags. 22. desember 2022, var lagt fram áhættumat á sviðsmyndum B, C og D.



Sviðsmynd A var ekki metin sérstaklega, en dregin sú ályktun að niðurstaða hermunar á sviðsmynd A yrði aldrei verri en niðurstaða hermunar á sviðmynd B.

Í áhættumati fjármála- og áhættustýringarsviðs var áhættulandslag Ljósleiðarans ehf. kortlagt og áhættur í rekstri og markaðsumhverfi félagsins rýnt og prófað með Monte Carlo hermun. Ítarleg umfjöllun fylgir með áhættumati fyrir hverja sviðsmynd.

Niðurstöður áhættumats fjármála- og áhættustýringarsviðs hafa gefið rýnihópi borgarráðs glögga mynd af einstökum sviðsmyndum og þeim áhættum sem að rekstri Ljósleiðarans ehf. steðjar til skemmri og lengri tíma litið. Tekið er fram að áhættumat fjármála- og áhættustýringarsviðs byggist á gögnum sem stafa frá Ljósleiðaranum ehf. og takmarkast af því gagnasafni sem starfsmenn sviðsins hafa haft aðgang að og er sett fram með þeim fyrirvara. Á fundi rýnihópsins hinn 16. mars 2023 kynnti fjármála- og áhættustýringarsvið ný áhættumöt á sviðsmyndum í rekstri Ljósleiðarans ehf. þar sem farið er yfir sviðsmynd A og tvö afbrigði af henni, þ.e. sviðsmyndir **A mínus** og **A hybrid**. Tekið hefur verið mið af nýrri upplýsingum um fjárhagsstöðu félagsins og þeim áhrifum sem breytingar í ytra efnahagsumhverfi félagsins gefa tilefni til. Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur lagt fram viðauka, dags. 30. mars 2023, við umsögn frá 22. desember 2022, sem efnislega felur í sér **Áhættugreiningu á sviðsmyndum A, A mínus og A hybrid**. Áhættumötin eru ítarleg og styðja neðangreinda ákvörðun undirritaðra fulltrúa í rýnihópi borgarráðs. Tekið er fram og áréttað að ekkert hafi komið fram frá því að umsögnin var lögð fyrir rýnihópinum í desember sl. sem gefur tilefni til að gera efnislegar breytingar á samandregnum niðurstöðum umsagnaraðila.

Sjónarmið stjórnar OR

Í umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs og borgarlögmanns kemur fram það sjónarmið að mikilvægt væri að fyrir lægi rökstudd afstaða stjórnar OR til þess hvort félagið væri reiðubúið til að leggja Ljósleiðaranum ehf. til aukið fjármagn við hækkun hlutafjár áður en aðrar sviðsmyndir kæmu til athugunar. Í umsögninni er tekið fram að alls óvíst er að sú leið teljist fýsileg með tilliti til þeirrar fjárhagslegu áhættu er hún kynni að hafa í för með sér fyrir OR. Engu að síður væri nauðsynlegt að fullkanna afstöðu stjórnar OR til þátttöku í hækkun hlutafjár Ljósleiðarans ehf.

Rýnihópur borgarráðs fór þess á leit við stjórn OR með bréfi, dags. 24. febrúar 2023, að stjórnin lýsti rökstuddri afstöðu sinni til erindis Ljósleiðarans ehf. til eigenda um staðfestingu á samþykkt um hækkun hlutafjár. Einnig var í því samhengi óskað rökstuddrar afstöðu til þess hvort OR væri reiðubúin til þess að leggja Ljósleiðaranum ehf. til aukið fjármagn við hækkun hlutafjár félagsins.

Stjórn OR tók erindi rýnihópsins til afgreiðslu á fundi sínum 9. mars 2023. Stjórn OR bókaði eftirfarandi afstöðu sína til erindis Ljósleiðarans ehf. til eigenda um staðfestingu á hækkun hlutafjár:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur styður ákvörðun stjórnar og hluthafafundar Ljósleiðarans um hækkun hlutafjár í félaginu og ítrekar það sem fram kemur í framangreindu minnisblaði þeirra Eyþórs Arnalds og Gylfa Magnússonar, dags. 20. september 2022, að frekari uppbygging Ljósleiðarans, sem kallar á verulega fjárfestingu, sé forsenda þess að Ljósleiðarinn geti starfað sem sjálfstætt og öflugt fyrirtæki í heilbrigðri samkeppni við Mílu. Jafnframt virðist skynsamlegt og raunar nánast óhjákvæmilegt að fá fleiri aðila í eigendahóp Ljósleiðarans til að það geti orðið.“



Afstaða stjórnar um hvort OR sé reiðubúin til þess að leggja Ljósleiðaranum ehf. til aukið fjármagn með hækkun hlutfjár félagsins var bókuð með eftirfarandi hætti:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur telur farsælast að sækja aukið hlutfé alfarið til nýrra kaupenda, sem yrðu eigendur minnihluta, til að létta á fjármögnunarpörf móðurfyrirtækisins og dreifa áhættu. Verði Orkuveita Reykjavíkur þá jafnframt í betri stöðu til að auka arðgreiðslur til eiganda næstu árin. Fyrir dyrum stendur að endurskoða fjárhagsskipan og arðgreiðslustefnu Orkuveitu Reykjavíkur og ákvörðun um fjármögnun Ljósleiðarans verður að skoða í því samhengi.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur er hins vegar ekki mótfallin því að leggja Ljósleiðaranum til aukið hlutfé enda telur hún brýnt að styrkja fjárhag félagsins. Stjórnin leggur áherslu á að ef til þess kæmi að Orkuveita Reykjavíkur legði fram hlutfjárframlag færi slíkt framlag fram samhliða hlutfjárkaupum frá þriðja aðila á hlut í félaginu til að tryggjast verði að OR greiði raunverulegt markaðsverð fyrir hlutinn.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur áherslu á að brýnt er orðið að hefja samskipti við Fjarskiptastofu vegna heimildar til hlutfjárkaupninga, samhliða umfjöllun eigenda, þar sem ferlið er tímafrekt og aðstæður á fjármálamörkuðum eru krefjandi.“

Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir lagði fram sérálit. Í niðurlagi þess segir eftirfarandi:

„Niðurstaða undirritaðrar er því sú að affarasælast sé að Orkuveitan komi ekki að því að fjármagna frekari uppbyggingu Ljósleiðarans en leiti eftir þátttöku utanaðkomandi aðila í rekstri hans. Samhliða eða í framhaldinu ætti Orkuveitan að draga sig alfarið út úr Ljósleiðaranum enda er hann nú í samkeppnisrekstri og í baráttu við öflugan keppinaut.

Færa má rök fyrir því að uppbyggingin á Ljósleiðaranum hafi verið réttlæt看leg af hálfu Orkuveitunnar. En þegar til framtíðar er lítið er næsta öruggt að eignarhald Orkuveitunnar verður Ljósleiðaranum fjötur um fót í samkeppni og uppbyggingu. Því er rétt fyrir Orkuveituna að færa eignarhald og rekstur Ljósleiðarans til annarra aðila sem geta skapað honum betri aðstæður til að taka þátt í virkri samkeppni með þeim viðbragðshraða, sveigjanleika og krafti sem þarf til að ná árangri.“

Önnur atriði

Hinn 5. september 2022 undirritaði Ljósleiðarinn ehf. samkomulag við Sýn hf. um einkaviðræður og helstu skilmála samninga sem lúta annars vegar að þjónustusamningi milli aðila og hins vegar kaupum á stofnneti Sýnar. Hinn 15. desember 2022 aflétti Ljósleiðarinn ehf. fyrirvörum sínum um áreiðanleikakönnun og fjármögnun vegna kaupanna og fimm dögum síðar eða 20. desember sl. var skrifað undir kaupsamning um kaup Ljósleiðarans ehf. á stofnneti Sýnar hf. og þjónustusamning milli fyrirtækjanna. Samningarnir eru nú til rýni hjá Samkeppniseftirlitinu en fyrirvari er í samningunum um samþykki eftirlitsins.

Fulltrúar í rýnihópi borgarráðs óskuðu eftir því að fá aðgang að samningum Ljósleiðarans ehf. og Sýnar hf. og tækifæri til þess að kynna sér efni þeirra, í ljósi þess að það kemur í hlut þeirra að taka afstöðu til fyrirbyggjandi erindis Ljósleiðarans ehf., dags. 24. október 2022. Þar sem þeim er skylt að kynna sér og setja sig vel inn í málið væri það mat þeirra að þau þyrftu aðgang að umræddum samningum til að geta uppfyllt þá skyldu.



Borgarlögmaður fór þess því á leit við Ljósleiðarann ehf. með bréfi, dags. 7. febrúar 2023, að tekin væri afstaða til þess að veita fulltrúum í rýnihópi aðgang að tilvitnuðum samningum. Með bréfi, dags. 15. febrúar 2023, leitaði Ljósleiðarinn ehf. eftir afstöðu Samkeppniseftirlitsins til framangreindrar beiðni rýnihópsins um aðgang að viðskiptasamningum félagsins við Sýn hf. Samkeppniseftirlitið svaraði erindi Ljósleiðarans ehf. með bréfi, dags. 28. febrúar 2023, á þá leið að það samræmdist hvorki lögbundnu hlutverki né leiðbeiningarskyldu stofnunarinnar að taka afstöðu til umrædds álitafnis sem lyti að samspili sveitarstjórnarlaga og samkeppnislaga. Hinn 10. mars 2023 barst síðan svarbréf Ljósleiðarans ehf. þar sem ekki er fallist á beiðni um að borgarfulltrúum verði veittur aðgangur að samningum Sýnar hf. og Ljósleiðarans ehf., þar sem samningarnir feli í sér samkeppnislega viðkvæmar upplýsingar um viðskiptaáætlanir félaganna sem að samningnum standa.

Til upplýsingar voru helstu atriði samninganna kynnt á fundi rýnihóps borgarráðs hinn 12. janúar 2023. Þá fékk borgarlögmaður eintak af báðum fyrrnefndum samningum til skoðunar, auk þess sem starfsmenn fjármála- og áhættustýringarsviðs sem komið hafa að ritun umsagnar og gerð áhættumats fengu kynningu á efni þeirra.

Niðurstaða meirihluta rýnihóps borgarráðs um erindi Ljósleiðarans um hlutfjárauðningu dags. 24. október 2022

Leiðarljós Reykjavíkurborgar varðandi málefni og rekstur Ljósleiðarans ehf. hefur verið að tryggja aðgengi að opnum og fullkomnum innviðum fyrir gagnaflutninga fyrir heimili og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Samkeppni og lágt verð á gagnaflutningum er lykilatriði í samkeppnishæfni Reykjavíkur og Íslands.

Nýjar aðstæður á markaði eftir sölu Símans hf. á Mílu hf. útheimtu viðbrögð Ljósleiðarans ehf. og endurnýjun á samningum við stærstu viðskiptavini fyrirtækisins. Eftir ítarlega greiningu á vettvangi rýnihóps er ljóst að viðbrögð stjórnenda Ljósleiðarans ehf. voru í þágu hagsmuna félagsins. Engu að síður hefði verið eðlilegt að efna til umfjöllunar um þau á vettvangi eigenda, ekki síst þar sem ljóst er að þessar ákvarðanir þarfnast fjárframlaga til að styrkja grunnrekstur og fjárfestingar Ljósleiðarans ehf. Niðurstaða áhættugreiningar er að aukið hlutfé er bæði óhjákvæmilegt og æskilegt við núverandi aðstæður.

OR er í eigu opinberra aðila og því eiga ríkisstyrkjareglur 2. kafla IV. hluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) við um starfsemi félagsins, sbr. lög nr. 2/1993. Hlutfé Ljósleiðarans ehf. hefur áður verið aukið með hlutfé frá eiganda sínum, Orkuveitu Reykjavíkur. Meðal annars sökum kvörtunar á þeirri ráðstöfun hefur mál verið til meðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sem ekki er lokið. Þá er Ljósleiðarinn ehf. jafnframt fjarskiptafyrirtæki og lýtur því eftirliti Fjarskiptastofu. Bæði EES-samningurinn og lög nr. 70/2022 um fjarskipti, fela í sér að þátttaka OR í hækkun hlutfjár Ljósleiðarans ehf. þyrfti að byggjast á markaðslegum forsendum. Því felst ákveðin lagaleg áhætta í þeirri leið sem lýtur að því að hækka hlutfé Ljósleiðarans ehf. einungis með fjárframlögum frá OR, enda óvíst um markaðsvirði hluta í Ljósleiðaranum ehf. þar sem hlutir í félaginu ganga ekki kaupum og sölum. Stjórn OR hefur ekki útilokað að koma að hlutfjárauðningu í Ljósleiðaranum ehf., en þá aðeins að slíkt færi fram samhliða hlutfjárkaupum frá þriðja aðila á hlut í félaginu til að tryggt verði að OR greiði raunverulegt markaðsverð fyrir hlutinn. Með því móti yrði lagalegri áhættu OR samstæðunnar haldið í lágmarki við þessar aðstæður.

Í umfjöllun rýnihóps hefur kristallast að eftirlitsstofnanir ríkisins, Fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitið, horfa til Ljósleiðarans ehf. til að tryggja samkeppni á sviði gagnaflutninga.



Það er í góðu samræmi við langtímamarkmið Reykjavíkurborgar að baki fjármögnunar og rekstri Ljósleiðarans ehf. Lagaleg áhætta hamlar því að OR geti ein staðið fjárhagslega á bak við hækkun hlutfjár og sterkari stöðu fyrirtækisins. Aukið hlutfé þarf því að sækja út á almennan markað þar sem ekki er raunhæft að opinberir aðilar, aðrir en lífeyrissjóðir, muni bætast við hluthafahópinn innan fyrirsjáanlegrar framtíðar.

Í ljósi framangreinds leggja undirritaðir fulltrúar í rýnihópi borgarráðs því til að Orkuveita Reykjavíkur, sem eigandi Ljósleiðarans ehf., fái heimild til að auka hlutfé Ljósleiðarans ehf. um allt að 11 milljarða króna með útboði hlutfjár en nafnvirði þess liggur ekki fyrir. Fjárhæðin byggir á sviðsmynd A hybrid og tekur þannig mið af ítarlegu áhættumati sem unnið hefur verið fyrir rýnihópin. Orkuveita Reykjavíkur verði því áfram meirihluta eigandi í Ljósleiðaranum ehf. Val á aðferðarfræði og umbúnaði við útgáfu nýs hlutfjárverði undirbúin á ábyrgð OR og stjórnar hennar og verði borgarráði og bæjarráðum eigendasveitarfélaganna kynnt áformin þegar þau liggja fyrir. Einnig verði tryggt að nýtt hlutfé verði nýtt til að greiða niður skuldir félagsins og styrkja samkeppnisstöðu þess. Jafnframt er eðlilegt að leggja nýtt mat á og forgangsraða fjárfestingaráformum Ljósleiðarans ehf. út frá greiningu á kostnaði þeirra, ábata og áhættu.

Áhættumat fjármála- og áhættustýringarsviðs bendir til þess að þessi hækkun hlutfjár nægi til að Ljósleiðarinn ehf. nái markmiðum sínum. Leiði ytri aðstæður eða aðrir viðburðir til þess að sækja þurfi aukið hlutfé að nýju þá telja undirritaðir fulltrúar í rýnihópi borgarráðs rétt að þá komi fyrst til skoðunar að OR, stærsti eigandi Ljósleiðarans ehf. leggi til fjármagn. Ákvörðun um slíkt og rökstuðningur komi jafnframt til kasta eigenda í samræmi við eigendastefnu og sameignasamning OR. Rýnihópur borgarráðs leggur sérstaka áherslu á að OR haldi meirihluta hluta í Ljósleiðaranum ehf. og að hér sé ekki um einkavæðingu Ljósleiðarans ehf. að ræða.

Ályktun frá Flokki fólksins lögð fram á fundi þverpólítísku rýnihóps borgarráðs þann 11. apríl 2023 um erindi Ljósleiðarans dags. 24. október 2022

Slæm staða Ljósleiðarans hefur legið fyrir hjá Orkuveitu Reykjavíkur frá 2019 og jafnvel enn fyrr. Félagið er í dag skuldsett og eru eiginfjárlutfall orðið hættulega lágt. Eigendur, sem að stærstum hluta til er Reykjavíkurborg voru ekki upplýstir um slæma stöðu fyrirtækisins þegar hún lá fyrir.

Fulltrúa Flokks fólksins var boðið að sitja í þverpólítískum rýnihópi sem hafði það hlutverk að leggja mat á umsögn borgarlögmanns og fjármálastjóra um heimild til hækkunar hlutfjár félagsins. Í rýnihópnum hafa ýmsar sviðsmyndir verið skoðaðar en engin þeirra er án óvissu og allar krefjast einhverrar frekari skuldsetningar félagsins þó mismikillar. Erfitt er að spá fyrir um fjölmargar áhrifabreytur til lengri tíma s.s. markaðsvirði, þjónustustig og samkeppni.

Áhyggjuefni er einnig að stjórn Ljósleiðarans samþykkti að taka hátt lán löngu áður en þverpólítískur rýnihópur um Ljósleiðarann sá fram á að ljúka störfum.

Allan þann tíma sem rýnihópurinn hefur fundað hefur ríkt leynd yfir gögnum í máli Ljósleiðarans og fulltrúum bannað að ræða málefni félagsins utan hópsins þ.m.t. að leita álits hjá óháðum sérfræðingum. Innihaldi þjónustusamnings Ljósleiðarans við Sýn var haldið leyndu fyrir Borgarstjórn Reykjavíkur og rýnihópnum. Ítrekað hefur verið reynt að fá leyndinni aflétt. Í ferlinu hefur ekki fengist vitneskja um hvort að í viðskiptasamningi Ljósleiðarans og Sýnar felist mögulega leynd krafa um frekari fjárhagslegar skuldbindingar af hálfu Ljósleiðarans umfram það sem sagt er að komi fram í viðskiptasamningnum. Til að eyða óþarfa óvissu í ferlinu hefði



rýnihópurinn þurft að fá aðgang að öllum gögnum í málinu þar á meðal samningnum við Sýn. Nú þegar störfum rýnihópsins er lokið mun eitthvað af þessum gögnum verða aðgengileg borgarfulltrúum í gagnaherbergji. Gögnin verða því áfram trúnaðarmál.

Megin niðurstaða Flokks fólksins er sú að Flokkur fólksins getur ekki tekið ábyrgð á þessu máli á neinn hátt enda þótt hann hafi átt sæti í umræddum rýnihópi. Flokkur fólksins hefur setið í minnihluta í borgarstjórn í 5 ár og á þeim tíma hefur honum aldrei verið boðið að vera með í ákvörðunum um veigamikil mál. Flokkur fólksins ætlar ekki að taka ábyrgð á málum sem fóru úrskaiðis á vakt hvorki síðasta né þessa meirihluta og tekur því ekki afstöðu um „heimild til hækkunar hlutfjár félagsins“ eins og lagt er til í umsögn borgarlögmans og fjármálastjóra. Framtíð og framtíðarhorfur Ljósleiðarans er alfarið á ábyrgð meirihlutans. Það er hans hlutverk að finna út hvað best er að gera í þeirri slæmu stöðu sem Ljósleiðarinn er í og undir öllum kringumstæðum að standa vörð um hagsmuni borgarsjóðs og borgarbúa.

Flokkur fólksins hefur skýra stefnu og áherslur í borgarstjórn sem er að vinna að bættum hag borgarbúa. Víða er pottur brotinn í þeim efnum. Fátækt hefur aukist, stækkandi hópur líður skort og fær ekki þá þjónustu sem hann á rétt á eða þarfnast. Fulltrúi Flokks fólksins hefur vissulega áhyggjur af málefni Ljósleiðarans. Lántökur sem skuldsetur fyrirtækið enn frekar ógnar fjárhagslegum hagsmunum borgarinnar með einum eða öðrum hætti. Hér er um háar fjárhæðir að ræða og málið allt hulið leynd. Óvissa og áhætta fylgir öllum sviðsmyndum sem kynntar hafa verið og mun sú óvissa mjög líklega ríkja til fjölda ára með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir eigendur, borgarsjóð og borgarbúa.

Umsögn og tillögur borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um erindi Ljósleiðarans ehf. vegna beiðni um hlutfjárukningu dags. 24. október 2022

Hlutverk Ljósleiðarans

Ljósleiðarinn ehf. er fjarskiptafélag í eigu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og var stofnað sem Gagnaveita Reykjavíkur árið 2007. Orkuveitan er í eigu þriggja sveitarfélaga en Reykjavíkurborg á langstærstan hlut í henni eða 93,539%. Akraneskaupstaður á 5,528% hlut og Borgarbyggð 0,933%. Hlutverk Ljósleiðarans er að veita íslenskum heimilum, fyrirtækjum og stofnunum aðgang að hágæða neti og þar með fjarskiptum.

Í nútíma samfélagi er nánast ógjörningur að komast hjá því að nota internetið. Allskyns kröfur eru við lýði, þar sem þörf er á því að styðjast við internetið. Þar má nefna aðgang að upplýsingum og skjölum sem og undirskrift skjala, staðfestingu auðkennis, framkvæmd bankamillifærslna til persónulegra nota svo og aðra þætti sem tengjast hinu daglega lífi. Fulltrúi Sósíalista minnir á mikilvægi þess að hér er um grunninnvið að ræða, þar sem Ljósleiðarinn tryggir fólki aðgang að fjarskiptum.

Fjárhagsstaða Ljósleiðarans og aðdragandi að hugmyndum um hlutfjárukningu

Reykjavíkurborg barst erindi frá Ljósleiðaranum ehf., dags. 24. október 2022, þar sem óskað var eftir samþykki borgarinnar fyrir hlutfjárukningu. Út frá því var þann 27. október 2022 samþykkt tillaga borgarstjóra um að tilnefna fulltrúa frá flokkum borgarstjórnar í sérstakan rýnihóp um hlutfjárukningu. Rýnihópnum var falið að gera umsögn til borgarráðs um tillögu stjórnar Ljósleiðarans um hlutfjárukningu. Á þeim tíma fól tillagan í sér að hlutfé félagsins yrði hækkað um 4.333.333.333 krónur (fjórirmilljarðar-þrjúhundruðþrjátíu- og þrjámilljónirþrjúhundruð-þrjátíu og þrjú þúsund-þrjúhundruðþrjátíu og þrjárkrónur) en í sviðsmyndum sem unnar voru af fjármála- og áhættustýringarsviði fyrir rýnihópin kom fram



að fjárförfin var metin mun hærrí. Frá upphafi var ljóst að upphæðirnar sem þurfti til voru ekki í takt við þær sem Ljósleiðarinn taldi þörf á í erindi sínu til borgarinnar.

Sósíalistar gera alvarlegar athugasemdir við það að fréttir um tilvonandi hlutfjáráukningu hafi verið tilkynntar í fjölmiðlum áður en slíkt kom inn á vettvang borgarráðs. Á fundi borgarráðs þann 27. október 2022 var lagt fram erindi um hlutfjáráukningu Ljósleiðarans ehf. Þar kom fram að á hluthafafundi Ljósleiðarans ehf. þann 24. október 2022 hafi verið samþykkt tillaga stjórnar Ljósleiðarans um hlutfjáráukningu. Samþykktin var, af hálfu stjórnar Ljósleiðarans og hluthafafundar, gerð með fyrirvara um staðfestingu eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, sem er að langstærstum hluta Reykjavíkurborg. Sjá nánar hér undir lið 16: <https://reykjavik.is/fundargerdir/borgarrad-fundur-nr-5681>

Verði samþykkt að fara í hlutfjáráukningu felur það í sér að eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur í Ljósleiðaranum lækkar úr 100% og fer niður í 60%. Þannig verði 40% hlutur Ljósleiðarans í eigu einkaaðila. Staða fyrirtækisins er þannig að ef ekki fæst aukið fé til að fjármagna reksturinn mun það eiga erfitt með að standast samkeppni við mótaðilann á þeim fákeppnismarkaði sem um er að ræða. Af þeim ástæðum þarf aukið fjármagn til að fyrirtækið geti staðið í samkeppnisrekstri. Ef það gerist ekki er mögulegt að það verði rekið með tapi og verði undir í samkeppni við aðra aðila á markaði.

Einkavæðing ekki svarið

Að mati Sósíalista er ekki skynsamlegt að hleypa einkaaðilum inn í eigendahóp Ljósleiðarans, en slíkt felur í sér einkavæðingu á opinberu félagi. Eins og tillagan um hlutfjáráukningu hefur verið teiknuð upp, þá er lögð áhersla á að hluti af Ljósleiðaranum verði seldur til einkaaðila. Við það breytist eignarhald á Ljósleiðaranum úr því að vera að fullu í eigu almennings, yfir í það að 40% verði komið í hendur stórfyrirtækja og/eða efnaðra einstaklinga. Einkavæðing er ekki svarið við þeirri stöðu sem Ljósleiðarinn stendur frammi fyrir. Hér er um grunninnvið að ræða þar sem almenningur treystir á internetið í mörgum þáttum daglegs lífs. Slíkur vettvangur ætti ávallt að vera í höndum hins opinbera en ekki einkaaðila. Markaðurinn eins og hann er gjarnan kallaður er ekki rétti vettvangurinn til að sjá um rekstur á grunninnviðum. Sagan hefur sýnt fram á að slíkt leiðir til einokunar, hærra vöruverðs og verri þjónustu.

Heftandi tilskipanir um fjarskipti og samkeppni

Lög um fjarskipti kveða á um að efla eigi virka samkeppni á fjarskiptamarkaði og þar af leiðandi verði félög sem veita þjónustu á sviði fjarskipta að vera á samkeppnismarkaði. Með því er átt við að einkafyrirtækjum sé heimilt að selja fjarskiptaþjónustu og keppast sín á milli um viðskiptavinum. Markmiðið er að þannig verði til fjöldi fyrirtækja sem keppist sín á milli með því að halda verði sem lægstu og þjónustu sem bestri. Raunin er sú að þetta hefur ekki gengið eftir. Fákeppnin er mikil og hætta er á einokun ef ekkert er að gert.

Árið 1996 áttu breytingar sér stað í regluverki varðandi rekstur fjarskiptaneta. Fyrir þann tíma var það svo að Póstur og sími hf. í eigu ríkisins gátu ein séð um rekstur fjarskiptaneta. Með lögum nr. 143/1996 um fjarskipti var sú regla felld úr gildi. Þess í stað var mælt fyrir um sérstök rekstrarleyfi fjarskiptaþjónustu til íslenskra einkaaðila eða aðila með staðfesturétt innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Með lögnum voru fjarskiptanet ekki lengur skilgreind sem innviðir á vegum hins opinbera, heldur færð inn á leikvöll markaðarins. Nú gátu einkaaðilar farið í svokallaðan samkeppnisrekstur um fjarskiptaþjónustu á Íslandi.

Löggjöf þessi frá 1996 á rót sína að rekja til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og skyldna Íslands samkvæmt honum. Á þeim tíma er lögin voru staðfest, var tilskipun 90/387/EB í gildi á Evrópska efnahagssvæðinu. Í tilskipuninni er að finna ýmis ákvæði sem banna hindranir á samkeppni á fjarskiptamarkaði og mæla fyrir um að löggjöf aðildarríkanna skuli vera í samræmi við samkeppnisreglur sáttmálans. Í 36. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 er einnig kveðið á um að óheimilt sé að niðurgreiða samkeppnisrekstur á sviði fjarskipta af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Upphaflega var Ljósleiðarinn fjármagnaður af OR



en tekið var fyrir það af Fjarskiptastofu (áður PFS) sem hefur krafist fjárhagslegs aðskilnaðar fyrirtækjanna, fyrst með ákvörðun frá árinu 2006 með nánari útfærslu í síðari ákvörðunum.

Einhverjir gætu haldið því fram að með þessu sé Fjarskiptastofa búin að banna stuðning frá hinu opinbera til að tryggja rekstur eigin fyrirtækis. Það er þó ekki svo einfalt. Árið 2015 var máli Mílu ehf. á hendur Póst- og fjarskiptastofnunar og Orkuveitu Reykjavíkur vísað frá dómi. Míla hafði krafist þess að ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um samþykki fyrir hlutafjárukningu Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (nú Ljósleiðarinn ehf.) sem Orkuveita Reykjavíkur átti að verða greiðandi að, yrði felld úr gildi. Þarna kom fram sú ákvörðun að hlutafjárukningin skildi ekki ógild. Orkuveitunni var því heimilt að leggja fé til Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., sem í dag heitir Ljósleiðarinn ehf. Í þessari lagaflækju og mismunandi túlkunum á fjarskiptalögum liggur mikil óvissa. Tilskipanir frá EES hafa þar miklu um að ráða.

Sósíalistar telja að Orkuveita Reykjavíkur sem að stærstum hluta er í eigu Reykjavíkur eigi að veita fjármagni inn í Ljósleiðarann. Líklegt er að slíkt yrði kært til dómstóla en þar sem Orkuveita Reykjavíkur er rekin sem sjálfstæð eining og nýtur ekki beinna styrkja frá borginni er ekki hægt að segja að Reykjavíkurborg sé með beinum hætti að veita Ljósleiðaranum hlutafé.

Líkt og staðan blasir við Sósiálistum þá er meginvandann að finna í tilskipun EES sem kveður á um að fjarskiptainnviðir skuli vera reknir á samkeppnismarkaði og að hið opinbera megi ekki veita fé þangað inn. Til samanburðar má segja að þetta sé eins og kveðið væri á um að ríkið mætti ekki með beinum hætti veita fjármagni í vegakerfið. Þess í stað yrði vegakerfinu skipt upp og því komið í hendur einkaaðila sem einir mættu veita þangað fé. Með því að setja upp þetta sýnidæmi má sjá hversu undarlegt það er að halda að svokölluð samkeppni í fjarskiptaneti Íslands sé best til þess fallin að tryggja aðgang að þessum grunninnviði.

Sósíalistar hvetja borgaryfirvöld til þess að eiga í samtali við Alþingi og ráðherra um að fá undanþágu frá þessum tilskipunum EES. Ísland er lítið land þar sem íbúafjöldi er ekki mikill og það að ætla að búa til samkeppni úr okkar grunninnviðum hefur ekki og mun ekki virka. Lagaumhverfið hérlandis hefur nú þegar leitt til fákeppni og mun viðhalda henni ef ekki verður brugðist við. Það er óraunhæft að raunveruleg samkeppni verði til á fjarskiptainnviðum á Íslandi. Þjóðin er það smá og íbúar það fáir. Þar sem að markaðsvæðing hefur leitt til fákeppni og einokunar er best að hið opinbera sjái um að tryggja góða innviði.

Fákeppni á svokölluðum samkeppnismarkaði

Tvö stór fyrirtæki sjá um að veita aðgang að neti á landsvísu. Þar er um að ræða Ljósleiðarann sem hefur hér verið fjallað um og svo Mílu sem hefur nýlega fengið nýja eigendur, eftir að Síminn hf. seldi það. Með þeim fylgdi gríðarlegt fjármagn sem gerir þau líklegri til að eyða út samkeppni og ná einokunarstöðu. Það er sérstakt að í lögum sem kveða á um markaðsvæðingu fjarskipta sé ekkert sem komi í veg fyrir einokun. Fyrst það er ekkert sem kemur í veg fyrir einokunarstöðu Mílu þar Ljósleiðarinn meira fjármagn til þess að geta keppt við þau. Núverandi lög um fjarskipti binda og þvinga borgina til að selja frá sér grunninnviði. Borgaryfirvöld eiga ekki að sætta sig við slíka afarkosti.

Niðurstaða Sósiálistaflokks Íslands

Fulltrúi Sósiálista leggst gegn því að Reykjavíkurborg selji frá sér þann grunninnvið sem gagnaveita Reykjavíkur er. Ef það á að stilla borgarfulltrúum upp við vegg og bjóða einungis upp á þann valmöguleika að einkavæða Ljósleiðarann þá er það óásættanlegt.

Sósíalistar leggja annars vegar til að Orkuveita Reykjavíkur veiti fé inn í Ljósleiðarann til þess að tryggja honum líflínu. Miðað við dómsúrskurð Hæstaréttar nr. 219/2015 er ljóst að ekki er hægt að ógilda hlutafjárukningu frá Orkuveitu Reykjavíkur ef af henni yrði. Hins vegar leggja Sósiálistar til að Reykjavíkurborg skori á Alþingi og ráðherra að biðja um undanþágu frá EES tilskipunum um markaðsvæðingu fjarskipta. Nýjasta útgáfa þeirra laga sem urðu til vegna slíkra tilskipana eru lög nr. 70/2022 um fjarskipti. Slík undanþága myndi tryggja skýran ramma og



draga úr þeirri lagaóvissu sem hefur myndast vegna þeirra. Í kjölfarið væri Alþingi heimilt að breyta lögnum.

Ástæður undanþága væru að hér er um séríslenskar aðstæður að ræða. Ísland er lítið land, fámennt og þ.a.l. er ekki hægt að tryggja samkeppni. Í þeim aðstæðum er best að hið opinbera sjái um innviði. Mikilvægt er að Reykjavík láti ekki eins og hún sé bjargarlaus í þessum aðstæðum sem nú eru uppi. Það er ekki óhjákvæmilegt að Ljósleiðarinn verði einkavæddur.

Ýmsir virðast hafa gefið sér að eina færa leiðin til að halda áfram rekstri Ljósleiðarans sé að koma einkaaðilum inn í eigendahóp Ljósleiðarans. Það að kalla þann vettvang sem Ljósleiðarinn er á, „samkeppnismarkað“ er rangnefni. Það er einungis einn annar stór aðili sem sinnir sömu starfsemi og Ljósleiðarinn. Því er um fákeppnismarkað að ræða. Ef hinn „frjálsi markaður“ leiðir til fákeppni, eða jafnvel einokunar er augljóst að það þarf að endurskilgreina hvernig svona starfsemi á að fara fram. Regluverkinu þarf að breyta. Hið opinbera á að sjá um grunninnviði eins og Ljósleiðarann, rétt eins og vatnsveitur og vegakerfi. Borgarstjórn ætti að skora á ríkið að sækja um undanþágur frá tilskipunum EES um fjarskipti. Þetta á ekki að vera samkeppnisrekstur þar sem fjármagnseigendur komast á lífæð samfélagsins og sjúga úr henni lífskraft. Gagnaveitur eru álíka mikilvægir innviðir og vegakerfið, menntakerfið og heilbrigðiskerfið. Þær eiga að vera reknar á samfélagslegum forsendum.

Afstaða Vinstri grænna vegna erindis Ljósleiðarans dags. 24. október 2022

Í mörg ár hefur verið tekist á um eignarhald Ljósleiðarans ehf. á vettvangi stjórnmalanna í Reykjavík. Þar hafa tekist á tvö andstæð sjónarmið; annars vegar þeirra sem hafa viljað koma rekstrinum á könnu einkaaðila með þá trú að verkefnið sé best komið þar og hins vegar sjónarmið þeirra sem líta á rekstur Ljósleiðarakerfisins sem mikilvægt samfélagslegt innviðaverkefni á pari við rekstur hitaveitu. Til þessa hafa Sjálfstæðisflokkurinn og aðrir flokkar á hægri vængnum helst talað fyrir fyrra sjónarmiðinu en flokkar sem kenna sig við félagshyggju hafa bent á mikilvægi samfélagsrekstursins. Nú hefur samstaða síðarnefnda hópsins rofnað með þeirri niðurstöðu sem borin verður upp af meirihluta borgarstjórnar.

Afstaða Vinstri grænna hefur alla tíð verið skýr. Hreyfingin stendur gegn einkavæðingu innviða í almannaeigu. Engum blöðum er um það að fletta að sú ráðstöfun sem nú er stefnt að er skref í átt til einkavæðingar og að þeir varnaglar sem fulltrúar meirihlutaflokkanna í borginni telja sig hafa rekið muni ekki halda. Meirihluta eigandi og ábyrgðaraðili Ljósleiðarans ehf., Reykjavíkurborg, hefur verið málaður út í horn og vegna fjarlægðar stjórnmalamanna við starfsemi og stjórn Ljósleiðarans ehf. hefur ekki tekist að afstýra þeirri atburðarás sem ráðamenn standa nú frammi fyrir. Það er fyrirláttur að telja að móðurfélag Ljósleiðarans, Orkuveita Reykjavíkur, geti illa lagt dótturfélagi sínu til aukið fé nema með aðkomu þriðja aðila og ber hún fyrir sig lagalegri óvissu. Í gögnum rýnihópsins hefur hins vegar hefur verið sýnt fram á að lagaleg óvissa fylgir öllum leiðum og sviðsmyndum sem og fjárhagsleg áhætta. Eins verður að teljast sérstakt hvað stjórn Orkuveitunnar er mikið í mun að losa sig að hluta til undan ábyrgð á Ljósleiðaranum ehf. og koma honum í hendur einkaaðila þegar hún getur vel hlaupið undir bagga með félaginu. Það á heldur ekki að vera sjálfstætt markmið í rekstri OR að greiða arð úr félaginu til eigenda sinna heldur eiga Orkuveitan og dótturfélög hennar fyrst og fremst að sinna skyldum sínum við almenning á því þjónustusvæði þar sem fyrirtækið starfar.

Ekki verður séð fyrir endann á því hvað það kann að hafa í för með sér að hefja sölu innviða í eigu almennings á almennum hlutabréfamarkaði og áhættan af því hefur ekki verið metin sérstaklega. Það skapar ákveðinn freistnivanda stjórnmalamanna að halda áfram á þeirri vegferð, fyrst hún er þegar hafin, þar til Ljósleiðarinn ehf. hefur verið að fullu einkavæddur. Borgarfulltrúi Vinstri grænna leggst alfarið gegn þessari leið og telur réttast að Ljósleiðarinn



ehf. haldi áfram að vera að fullu í eigu og þjónustu almennings auk þess sem stjórn OR taki þá ákvörðun að hækka hlutafé Ljósleiðarans ehf. og veiti til þess auknu fjármagni. Þótt óvissa fylgi þeirri sviðsmynd samkvæmt gögnum sem fjármálasvið Reykjavíkurborgar hefur dregið upp eftir upplýsingum frá framkvæmdastjórn Ljósleiðarans ehf. er það engu að síður svo að stjórnámálamenn eru ekki kosnir til hræðast óvissu heldur til að taka ákvarðanir með almannahagsmunum að leiðarljósi. Sú ákvörðun sem liggur fyrir að verði tekin, að selja verðmæta og mikilvæga innviði úr félagi í almannaeigu, er ekki tekin með það fyrir augum.

Reykjavík, 11. apríl 2023

Einar Þorsteinsson

Dagur B. Eggertsson

Alexandra Briem

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Kolbrún Baldursdóttir

Trausti Breiðfjörð Magnússon

Líf Magneudóttir